

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi fyrir Kirkjubæjarklaustur, Skaftárhreppi, 1988–2008.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra þann 30. júní 1994 staðfest breytingu á aðalskipulagsuppdraetti fyrir Kirkjubæjarklaustur, Skaftárhreppi, 1988 - 2008, sem staðfestur var 21. maí 1990.

Breytingar eru:

- Landnotkun við íþróttavöll á Kleifum breytist á þann veg að opið svæði óbyggt, verði opið svæði til sérstakra nota (tjaldstæði).
- Landnotkun í landi Kirkjubæjar 2, breytist á þann veg að ræktað landbúnaðarsvæði og opin óbyggð svæði, verði opin svæði til sérstakra nota (tjaldstæði). Jafnframt minnkar frátekið íbúðarsvæði til nota eftir lok skipulagstímabils.
- Landnotkun í landi Nýjabæjar breytist á þann veg að opið svæði óbyggt verði opið svæði til sérstakra nota (tjaldstæði).
- Suðurlandsvegur er færður til á tveimur stöðum sunnan Skaftár.

Breytingar þessar hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Skaftárhrepps.

Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

*Umhverfisráðuneytið, 30. júní 1994.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Ingimar Sigurðsson.*

## AUGLÝSING

### um umferð á Blönduósi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Blönduóss, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Blönduósi.

#### I. KAFLI.

##### Aðalbrautarréttur:

Eftirtaldar götur skulu vera aðalbrautir:

1. Húnabraut.
2. Hnjúkabyggð.

**Biðskylda:**

Á eftirtöldum götum skal vera biðskylda:

1. Á Brekkubyggð gagnvart Efríbyggð.
2. Á Garðabyggð gagnvart Efríbyggð.
3. Aðalgötu gagnvart Þingbraut.
4. Á Neðribyggð gagnvart Þingbraut.
5. Á Brimslóð gagnvart Aðalgötu.
6. Á Hnjúkabyggð gagnvart Aðalgötu.
7. Á Ólafsbyggð gagnvart Hnjúkabyggð.
8. Á Blöndubyggð gagnvart Hnjúkabyggð.
9. Á Þingbraut gagnvart Hnjúkabyggð.
10. Á Hnjúkabyggð gagnvart hringtorginu.
11. Á Þjóðvegi 1, Norðurlandsvegi, gagnvart hringtorginu.
12. Á Svínvetningabraut gagnvart hringtorginu.
13. Á Flúðabakka gagnvart Svínvetningabraut.
14. Á Húnabraut gagnvart Þjóðvegi 1, Norðurlandsvegi.
15. Á Melabraut gagnvart Húnabraut.
16. Á Vallabraut gagnvart Húnabraut.
17. Á Árbraut gagnvart Húnabraut.
18. Á Þverbraut gagnvart Húnabraut.
19. Á Ægisbraut gagnvart Húnabraut.
20. Á Ennisbraut gagnvart Húnabraut.
21. Á Mýrarbraut gagnvart Ennisbraut.
22. Á Holtabraut gagnvart Melabraut.
23. Á Hólabraut gagnvart Melabraut.
24. Á Hólabraut gagnvart Þjóðvegi 1, Norðurlandsvegi.
25. Á Efstubraut gagnvart Þjóðvegi 1, Norðurlandsvegi.
26. Á vegi að tjaldstæði.
27. Á Urðarbraut gagnvart Hólabraut.
28. Á Hlíðarbraut gagnvart Hólabraut.
29. Á Heiðarbraut gagnvart Hólabraut.
30. Á vegi að Arnargerði gagnvart umferð um Svínvetningabraut.

**II. KAFLI.****Bann við að leggja ökutæki:**

Bannað að leggja ökutæki á austari hluta Aðalgötu frá Þingbraut að Hnjúkabyggð.

Bannað að leggja ökutæki á vestari hluta Húnabrautar frá Þjóðvegi 1, Norðurlandsvegi, að Ennisbraut.

Bannað að leggja á austari hluta Mýrarbrautar.

**III. KAFLI.****Gangbrautir:**

Á eftirtöldum stöðum skulu vera gangbrautir:

Á Húnabraut á mótis við Grunnskólann.

Á Húnabraut á mótis við Búnaðarbankann.

- Á Húnabraut á móts við Vísi.
- Á Melabraut á móts við Holtabraut 2.
- Á Melabraut við Húnabraut 2.
- Á Hólabraut á móts við hús nr. 5.
- Á Hólabraut á móts við hús nr. 15.
- Á Þjóðvegi 1, Norðurlandsvegi á móts við Vélsmiðjuna.
- Á Flúðabakka á móts við göngustíg.

#### IV. KAFLI.

##### **Bann við tiltekinni umferð:**

1. Allur akstur fjórhjóla, snjósleða og annarra torfærutækja er bannaður innan marka skipulagðs þéttbýlis. Þó er heimilt að aka stystu leið frá heimili og út fyrir mörk þéttbýlis.
2. Allur akstur bifreiða og annarra ökutækja utan vegar, án brýnnar nauðsynjar, er bannaður.
3. Framúrakstur er bannaður á Þjóðvegi 1, Norðurlandsvegi, frá hringtorgi og að Efstubraut.

#### V. KAFLI.

##### **Ökuhraði:**

Almennur hámarkshraði ökutækja á Blönduósi er 50 km/klst. Á Flúðabakka er þó leyfilegur hámarkshraði aðeins 30 km/klst.

#### VI. KAFLI.

##### **Umferðarmerki:**

Við götur og vegi og á þeim skulu vera umferðarmerki sem gefa glögglega til kynna þær sérreglur sem auglýsing þessi tekur til. Ökumönnum og öðrum vegfarendum ber að fara nákvæmlega eftir þessum merkingum og öðrum þeim leiðbeiningum sem ástæða þykir til að hafa.

#### VII. KAFLI.

Við birtingu þessarar auglýsingar falla úr gildi allar eldri auglýsingar um umferð svo og allar reglur um umferð á Blönduósi sem settar hafa verið og brjóta í bága við þessa auglýsingu. Samþykkt þessi tekur gildi þegar við birtingu auglýsingarinnar.

*Sýslumaðurinn á Blönduósi, 9. júní 1994.*

**Kjartan Þorkelsson.**